

Staðarorð



Notkunar- og kennsluleiðbeiningar

Efnisyfirlit

Almenn lýsing.....	1
Notkunarhugmyndir	2
Skýringar á táknum.....	3
Hvað þýðir fingurinn?.....	4
Hvað merkir stjarnan?.....	6
Beygingarflokkarnir í kassanum.....	7
Kennsluaðferðir.....	10
Ítarefni	10
Gagnvirk verkefni.....	12

Almenn lýsing

Kassinn inniheldur 200 staðarorðaspjöld: 72 karlkynsorð, 70 kvenkynsorð og 58 hvorugkynsorð. Spjöldunum er skipt niður með millispiöldum eftir kynjum. Kynin hafa hvert sinn lit. Viðfangsefnin eru fallbeyging staðarorða og málfarshefðir/-reglur í sambandi við notkun þeirra.

Framan á spjöldunum eru litadoppur (gulur, rauður, grænn og blár) sem standa fyrir erfiðleikastig beygingarflokksins sem viðkomandi nafnorð tilheyrir. Merking litadoppanna er útskýrð í leiðbeiningabæklingi sem fylgir kassanum.

Aftan á spjöldunum kemur fram beygingarflokkur nafnorðsins, kenniföll þess og tafla með beygingarendingum ásamt beygingu greinisins. Þar er líka að finna upplýsingar um hvaða forsetningu (forsetninga-/orðasambönd) á að nota með staðarorðinu.



Efnið gæti hentað þeim sem eru búnir með 1. stig og byrjaðir á 2. stigi. Hins vegar er mælt með því að velja einungis þau spjöld sem eru merkt með gulri og rauðri doppu fyrir þessa nemendur.

Þeir sem eru komnir á 3. - 4. stig ættu að ráða við orðin sem eru með grænni doppu líka. Á 4.-5. stigi ætti að vera óhætt að láta nemendur hafa allan bunkann. Markmiðið með efninu er að þjálfra og auka skilning á því:

- hvernig mismunandi beygingarflokkar haga sér í þolfalli og þágufalli.
- hvenær og hvernig greinirinn er notaður í íslensku (hvar orðið endar og greinirinn byrjar).
- hvaða forsetningar (og eða forsetningasambönd) á að nota með staðarorðunum.

Æskilegur undanfari: Kynning á föllunum í íslensku og einhver þjálfun í fallbeygingu fimm algengustu beygingarflokkanna í þolfalli.

Notkunarhugmyndir

1. Hver þátttakandi fær eða dregur eitt spjald með staðarorði og notar það til að svara því:
 - a) hvert hann er að fara? (þolfall)
 - b) hvar hann er? (þágufall)
2. Það er líka hægt er að nota spjöldin til að spila eins konar borðspil. Hver þátttakandi dregur eitt spjald í einu og notar það til að búa til:
 - a) setningu
 - b) spurningu

Það má bæði gefa nemendum eins konar setningarformúlur til að fylla inn í eða láta þá búa til sínar eigin. Að sjálfsögðu þarf alltaf að taka mið af því á hvaða getustigi nemendur eru og því að við erum mismikið skapandi þegar kemur að því að búa til setningar sem reyna á tiltekna málfræði.

Mælt er með því að nemendur á 2.-4. stigi fái alltaf setningarformúlur til að styðjast við, sérstaklega þegar kemur að þágufallinu. Það er heldur ekki útilokað að nemendur á efri stigum þurfi einhverja leiðarvísun og þá einkánlega þegar ætlast er til þess að þeir myndi setningar með þágufalli.

- Það má flokka spjöldin eftir:
 - a) kyni,
 - b) beygingarflokkum,
 - c) hvort staðarorðin eru með eða án greinis,
 - d) litadoppum,
 - e) getustigi þátttakenda,
 - f) því sem þátttakendur vilja læra,
 - g) viðfangsefninu sem þeim er ætlað að læra.
- 35 staðarorðanna eru með greini þannig að það er hægt að vinna/spila með þau eingöngu og þjálfá beygingu greinisins. Það má líka fjölga í þessum bunka þar sem það má bæta við greini aftan á þó nokkur staðarorðanna til viðbóar (sjá nánar um þetta á bls. 5-6).
- Það er mögulegt að gefa þátttakendum stig eftir litadoppunum. Það má gefa bónusstig þar sem doppurnar innihalda fingratáknið. Stigin geta komið að gagni við námsframvindumat.
- Það er að sjálfsögðu hægt að útfæra og prjóna við þessar hugmyndir eftir þátttakendum, tilefnum, aðstæðum og óskum.

Skýringar á táknum

Aðgengilegar skýringar á merkingu litadoppanna eru í leiðbeiningum sem fylgja kassanum. Yfirlit yfir beygingarflokka og málfræði- eða málfarsatriði sem eru undir hverjum doppelit er í töflu 1.

Tafla 1 Beygingarflokkarnir eru nefndir eftir endingum þeirra í nefnifalli eintölu (sjá kalfann: *Beygingarflokkarnir í kassanum*)

	karlkynsorðin	kvenkynsorðin	hvorugkynsorðin
●	<ul style="list-style-type: none"> • i-orðin • 0-orðið <i>bar</i> 	<ul style="list-style-type: none"> • a-orðin • 0-orðin • un-orðin 	<ul style="list-style-type: none"> • a-orðið <i>jóga</i> • i-orðin • 0-orðin <i>Háskólabíó</i> og <i>bíó</i> (sjaldnast -i í þgf.)
●	<ul style="list-style-type: none"> • i-orðin með ákv.gr. • algeng ur-orð sem fara eftir <u>þumalputtareglunni</u>* um -i í þgf. 	<ul style="list-style-type: none"> • a-orðin sem hafa hljóðbreytinguna a > ö • a-orðin með ákv.gr. • ing-orðin 	<ul style="list-style-type: none"> • 0-orðin sem fá þágufallsendinguna -i
●	<ul style="list-style-type: none"> • fleiri ur-orð • ur-orðin sem hafa hljóðbreytingar (jö - i - ja; ö - e - a) • ur-orðin <i>Kjarnaskógur</i> og <i>gámur</i> (þgf. ekki skv. <u>þumalputtareglunni</u>*) • r-orðin <i>berjamór</i> og <i>Mosfellsbær</i> • 0-orðið (<i>sölu</i>)<i>turn</i> (þgf. skv. <u>þumalputtareglunni</u>*) • ur-orðin með ákv. gr • ft.orðin <i>tónleikar</i>, <i>Bessastaðir</i> og <i>Pingvellir</i> 	<ul style="list-style-type: none"> • a-orðið <i>bráðamótakan</i> (bæði a > ö hljóðvarp og ákv.gr.) • 0-orðin með ákv.gr • ft.orðið <i>réttir</i> 	<ul style="list-style-type: none"> • 0-orðin þar sem stofninn endar á í eða ó • 0-orðin með ákv.gr. • 0-orðið <i>leikhús</i> (<u>í</u>-hús í stað -á hús) • ýmist aðeins til í ft. eða oftast notað í ft. (<i>jarðgöng</i>; <i>skíði</i>)
●	<p>Sjá töflu 3 (í kaflanum „Hvað þýðir fingurinn?“)</p>		
<p>*Þumalputtareglan: óregluleg kk.orð (sterk beyging) enda</p> <p>a) á -i í þgf. ef stofn þeirra endar á tveimur samhljóðum</p> <p>b) ekki á -i í þgf. ef stofn þeirra endar á einu samhljóði</p>			


Þyngdarstigflokkunin sem kemur fram í töflu 1 fer í langflestum tilvikum eftir því hvernig viðkomandi beygingarflokkar haga sér í þágufalli. Við flokkunina er miðað við það sem höfundur hefur reynt í sinni kennslu varðandi það hvernig nemendum gengur að tileinka sér beygingu nafnorðanna. Það er farið nánar í heitin á beygingarflokkunum sem koma fyrir í staðarorðakassanum í kaflanum: **Beygingarflokkarnir í kassanum** á blaðsíðum 7-9.

Hvað þýðir fingurinn?

Táknið hér til hægri kemur fyrir ofan á nokkrum af grænu doppunum og á öllum bláu doppunum í staðarorðakassanum. Í leiðbeiningabæklingnum er bent á að þetta tákn þýði „nánari skoðun/athugun“. Þessi atriði eru talin í töflu 2 og 3.



Tafla 2 Alls 13 orð eru með grænni doppu og fingratákninu.

	karlkynsorðin	kvenkynsorðin	hvorugkynsorðin
● ● ●	<ul style="list-style-type: none"> • í stendur með sögn (a.m.k. í þolfalli) eins og setjast í sófa, hægindastól, barnabílstól 	<ul style="list-style-type: none"> • í með et. og á með ft.; <i>veiði</i> (Sumir vilja meina að hér sé um mismunandi veiðar að ræða) 	<ul style="list-style-type: none"> • í og á notað í mismunandi merkingu; <i>bingó</i>
	<ul style="list-style-type: none"> • á stendur með sögn (a.m.k. í þolfalli) eins og setjast á stól, bekk, stein 		<ul style="list-style-type: none"> • þegar tvö nafnorð standa saman er það seinna alltaf í eignarfalli þó það fyrra beygist. <i>Listasafn Íslands</i>
	<ul style="list-style-type: none"> • í og á notað í mismunandi merkingu; <i>jeppi, bíll, strætisvagninn</i> 		
	<ul style="list-style-type: none"> • þegar tvö nafnorð standa saman er það seinna alltaf í eignarfalli þó það fyrra beygist. <i>Háskóli Íslands</i> 		

Atriðin sem eru talin upp í töflu 2 eru dregin betur saman hér:

1. það hvort **í** eða **á** er notað á undan orðunum **felur í sér merkingarmun**.
2. í eða á er **hluti af sagnorðasambandi** (sagnorð + forsetning).
3. í tvíyrtum staðarheitum þar sem bæði orðin eru nafnorð stendur **seinni hluti nafnsins alltaf í eignarfalli** en fyrri hlutinn beygist eftir reglum síns beygingarflokks.

Ef til vill er rétt að nefna að í einhverjum tilvikum er vel hægt að nota annað sagnorðasamband en setjast í/á.

Tafla 3 Það er 51 orð með blárrí doppu og „skoða nánar tákningu“. Hér eru mörg þeirra talin.

☝	karlkynsorðin	kvenkynsorðin	hvorugkynsorðin
	<ul style="list-style-type: none"> • í og á notað í mismunandi merkingu; <i>árabátur, sjór</i> 	<ul style="list-style-type: none"> • í og á notað í mismunandi merkingu; <i>skúta, gatan</i> 	<ul style="list-style-type: none"> • í og á notað í mismunandi merkingu; <i>ferðalag, (stöðu)vatn*</i>
●	<ul style="list-style-type: none"> • í stendur með atviksorði þegar staðarorðið er ekki með greini. Dæmi: <ul style="list-style-type: none"> ○ <i>inn' í helli/í hellinum</i> ○ <i>niðr' í kjallara/í kjallaranum</i> ○ <i>o'n í barnavagni/í barnavagninum</i> ○ <i>út' í garði/í garðinum</i> ○ <i>upp' í stiga/í stiganum</i> 	<ul style="list-style-type: none"> • í stendur með atviksorði <ul style="list-style-type: none"> ○ <i>niðr' í fjöru</i> ○ <i>út' í Gróttu</i> • í stendur með atviksorði þegar staðarorðið er ekki með greini <ul style="list-style-type: none"> ○ <i>inn' í stofu/í stofunni</i> ○ <i>út' í sveit/í sveitinni</i> 	<ul style="list-style-type: none"> • í stendur með atviksorði þegar staðarorðið er ekki með greini. Dæmi: <ul style="list-style-type: none"> ○ <i>inn' í eldhúsi/í eldhúsinu</i> ○ <i>inn' í tjaldi/í tjaldinu</i> ○ <i>upp' í rúmi/í rúminu</i>
●	<ul style="list-style-type: none"> • á stendur með atviksorði þegar staðarorðið er ekki með greini. Dæmi: <ul style="list-style-type: none"> ○ <i>framm' á gangi/á ganginum</i> ○ <i>niðr' á (sjávar)botni/á (sjávar)botninum</i> ○ <i>út' á sólpalli/á sólpallinum</i> ○ <i>upp' á (fjalls)toppi/á fjallstopp(i)num</i> 	<ul style="list-style-type: none"> • á stendur með atviksorði <ul style="list-style-type: none"> ○ <i>niðr' á bryggju</i> ○ <i>niðr' á höfn</i> ○ <i>út' á (strætó)stoppistöð</i> • á stendur með atviksorði þegar staðarorðið er ekki með greini <ul style="list-style-type: none"> ○ <i>út' á göngubrú/á göngubrúnni</i> ○ <i>niðr' á strönd/á ströndinni</i> 	<ul style="list-style-type: none"> • á stendur með atviksorði þegar staðarorðið er ekki með greini. Dæmi: <ul style="list-style-type: none"> ○ <i>inn' á klósetti/á klósettinu</i> ○ <i>út' á bílastæði/á bílastæðinu</i> ○ <i>upp' á eldfjalli/á eldfjallinu*</i> • á stendur með atviksorði <ul style="list-style-type: none"> ○ <i>út' á (stöðu)vatni</i>
●	<ul style="list-style-type: none"> • þegar lýsingarorð stendur með nafnorði með ákv. gr. beygist það reglulega (v.b.): <i>Góði hirðirinn, heiti potturinn.</i> 	<ul style="list-style-type: none"> • á og út' á notað í mismunandi merkingu. <i>Ægissíða</i> 	<ul style="list-style-type: none"> • á stendur með lýsingarorði <ul style="list-style-type: none"> ○ <i>á næsta götuhorni</i>
<p>*Þegar talað er um stöðuvötn, fjöll og kletta og jafnvel jökla er í sumum tilvikum algengara að tala um að fara að og vera hjá/við. Það er full ástæða til að benda á þetta til dæmis í samhengi við staðarorðin: <i>eldfjall, Gatklettur, Hvítserkur og klettur, stöðuvatn, sjór, lækur og Langjökull.</i></p>			

Þegar atriðin sem koma fram í töflu 3 hafa verið dregin saman þá snúast þau um eftirtalin atriði:

1. notkun **í** og **á** með staðarorðinu **felur í sér merkingarmun**.
2. staðaratviksorð, sem upplýsa um stefnu, eru sums staðar ómissandi með **í** og **á**
3. sömu staðaraðviksorð eru síður nauðsynleg þegar staðarorðið er með greini

Það er rétt að undirstrika að í einhverjum tilvikum er alveg eins eðlilegt að nota forsetninga-samböndin, sem eru talin í töflu 3, hvort sem staðarorðið er með eða án greinis.

Hvað merkir stjarnan?

Merking sviga, hornklofa og stjörnunnar (sem er hér til hægri) er skýrð á tveimur millispiöldum sem eru í kassanum (annað á íslensku og hitt á ensku). Stjörnurnar koma fyrir með tveimur hvorugkynsorðum (*Háskólabíó* og *bíó*) og svo allnokkrum ur-karlkynsorðum. Í þessum tilvikum þarf að skoða hvort það er -i í þágufallinu.



Stjarnan á hvorugkynsorðunum merkir að fáir tala um að vera í *bíói* (alla vega meðal yngri kynslóðarinnar). Hins vegar ef einhver spyrði: *Hvernig var í bíóinu?* þá kemur beygingarendingin -i fram. Besta leiðin til að skoða þágufallsendingar ur-karlkynsorðanna er að setja upp töflu.

Tafla 4 Samanburður út frá þumalputtareglunni um -i í þágufallsendingum ur-karlkynsorðanna (gildir líka um 0-karlkynsorðin)

ur-karlkynsorðin										
	eitt samhljóð í stofninum					tveir samhljóðar				
	ekkert -i		með -i			með -i		ekkert -i		
nf. þf. þgf.	leikur leik leik		skógur skóg skógi		skóginum	-i	garður garð garði		bekkur bekk bekk	bekknum -
nf. þf. þgf.	lækur læk læk		vegur veg vegi		veginum	-i	fundur fund fundi		serkur serk serk	serknum -
nf. þf. þgf.	stígur stíg stíg		vogur vog vogi		voginum	-i	klettur klett kletti			
nf. þf. þgf.	bátur bát bát		gámur gám gámi		gámnum	-(i)	fjörður fjörð fjörði			
nf. þf. þgf.	staður stað stað						völlur völl velli			

Samanburðurinn í töflu 4 sýnir að þumalputtareglan um það hvenær á að vera -i í þágufallsendingu ur-karlkynsorðanna og hvenær ekki stenst þokkalega vel í staðarorðunum. Það eru þrjár undantekningar frá þessari reglu í pakkanum; ur-karlkynsorðunum sem hafa:

1. **eitt g í stofninum fá -i í þágufallinu** (*skógur, Kjarnaskógur, vegur, Djúpivogur*)
 - halda þágufallsendingunni -i í greininum → **-i með svörtu** aftan á spjöldunum.
2. **eitt m í stofninum fá -i í þágufallinu** (*gámur*)
 - þágufallsendingin -i bætist aftan á orðin án greinis en valfrjálst (eða aldrei notað) með greini → **-(i) með svörtu innan rauðs sviga** aftan á spjaldinu (líka orðið (*fjalls*)*toppur*).
3. **tvö samhljóð sem enda á k** (kk, rk) **taka ekki þágufallsendinguna -i** (*bekkur, Hvítserkur*).

Það má nefna að ef marka má bin.arnastofnun.is þá er það valfrjálst hvort orðið bátur er með þágufallsendinguna -i eða ekki ([krækja á bátur](#)) en er aldrei haft með þegar greininum er bætt við. Þessi kostur er merktur þannig **-(i) með rauðu innan svarts sviga** aftan á orðinu (*ára*)*bátur*.

Bent er á að þumalputtareglan um þágufallið í ur-karlkynsorðunum gildir líka um 0-karlkynsorðin.

Beygingarflokkarnir í kassanum

Nafnorðunum í staðarorðakassanum er skipt niður í 15 beygingarflokka. Þeir skiptast þannig á milli málfræðilegu kynjanna:

- karlkynsorðin: 8 flokkar
- kvenkynsorðin: 4 flokkar
- hvorugkynsorðin: 3 flokkar

Heitin á flokkunum eru tekin eftir beygingarendingum þeirra í nefnifalli eintölu. Þessi heiti standa aftan á spjöldunum. Þar er líka hefðbundið yfirlit yfir kennimyndir og tekið fram ef það sem er notað á spjöldunum, til að greina beygingarflokkana í sundur, er talið til viðskeyta en ekki beygingarendingar.

Þar sem flokkun af þessu tagi er væntanlega nýstárleg í augum flestra verða flokkarnir sem koma fyrir í staðarorðakassanum taldir hér. Í athugasemdum má sjá atriði sem rökstyðja þyngdarstig flokkanna sem litadoppurnar marka. Sums staðar eru líka orðadæmi. Dæmin eru í langflestum tilvikum tekin úr orðaforðanum sem er að finna í staðarorðakassanum.

Tafla 5 Af þessum flokkum eru i- og ur-flokkurinn mikilvægastir en ur-orðin reynast nemendum oft mjög erfið

Beygingarflokkar karlkynsorða	
i	Auðlærðastur (a.m.k. í eintölunni)
ur	Langerfiðasti flokkurinn. Aðallega vegna þágufallins í eintölu þar sem er ýmist -i eða ekki -i í þgf! Skiptist niður í fleiri en einn flokk ef fyllstu nákvæmni er gætt þar sem ef.et. og nf.ft. eru ekki eins fyrir öll ur-karlkynsorðin.
l	Lítill flokkur en bæði <i>bíll</i> og <i>stóll</i> eru algeng. Aldrei -i í þgf.et.
r	Lítill flokkur en <i>bær</i> er algengt. Aldrei -i í þgf.et.
n	Lítill flokkur; <i>steinn</i> og þjónn sennilega algengust. Alltaf -i í þgf.et.
ull	Það eru ekki mörg orð sem hafa endinguna -ull; <i>jökull</i> er algengast (orðin sem hafa -ill eru hins vegar þokkalega mörg og sum sæmilega algeng). Alltaf -i í þgf. et.
ir	Ekki stór flokkur; læknir sennilega algengast. Svo eru <i>hellir</i> og <i>Góði hirðirinn</i> .
o	Þessi flokkur er líka erfiður. Aðallega vegna þágufallins í eintölu þar sem er ýmist -i eða ekki -i í þgf! Fleiri en einn flokkur ef fyllstu nákvæmni er gætt þar sem ef.et. og nf.ft. eru ekki eins fyrir öll 0-karlkynsorðin.

Það er ekki eintóm tilviljun sem ræður röðun beygingarflokkanna í töflum 5-7. Við röðunina er stuðst við hvaða flokkar eru mikilvægastir, fyrir þá sem eru að læra íslensku sem annað mál, og miðað við hverjir innihalda meirihluta orðaforðans með tilliti til byrjenda- og/eða grunnorða.

Tafla 6 Af þessum flokkum eru a-kvenkynsorðin langmikilvægust

Beygingarflokkar kvenkynsorðanna	
a	Mjög stór flokkur og ætti að vera auðlærður (nema hljóðbreytingin a > ö)
o	Auðlærður beygingarflokkur í eintölu þar sem nf., þf. og þgf. eru alltaf eins Málið vandast þegar kemur að fleirtölunni sem skiptir 0-orðunum í nokkra undirflokk.
ing	Sæmilega stór flokkur og <i>æfing</i> frekar algengt. Endar á -u bæði í þf. og þgf.
un	Sæmilega stór flokkur. Sennilega eru <i>stofnun</i> og <i>þjálfun</i> með þeim algengustu.

Tafla 7 Af hvorugkynsbeygingarflokkunum eru 0-orðin mikilvægust og svo i-orðin

Beygingarflokkar hvorugkynsorðanna	
a	Lítill flokkur og ætti að vera auðlærður en vill ruglast saman við a-kvenkynsorðin. Nokkur algeng orð yfir mat og líkamsparta; <i>jóga</i> er algengt meðal þeirra sem stunda það.
i	Þokkalega stór flokkur og ætti að vera auðlærður nema hann vill ruglast saman við i-karlkynsorðin. Meðal algengra orða eru <i>afmæli</i> og <i>bílastæði</i> .
0	Mjög stór flokkur. Auðlærður þar til kemur að þágufalli eintölu.

Af þeim 15 flokkum sem eru taldir í töflum 5-7 er mælt með að byrja á fimm algengustu beygingarflokkunum eða:

1. i-karlkynsorðunum
2. a-kvenkynsorðunum
3. 0-hvorugkynsorðunum
4. i-hvorugkynsorðunum
5. ur-karlkynsorðunum

Að sjálfsgöðu geta nemendur ekki komist hjá því að nota orð úr minna algengum beygingarflokkum. Þess vegna eru líka staðarorð úr fleiri beygingarflokkum. Það er hins vegar mikilvægt að ofbjóða ekki nemendum með öllum beygingarflokkunum fyrr en þeir eru tilbúnir fyrir meira og helst byrjaðir að finna til einhvers öryggis í beygingu algengustu flokkanna.

Með myndorðaspjöldum, sem eru með beygingartöflum aftan á, er mögulegt að sýna nemendum fram á að það kostar ekki mikla fyrirhöfn að bæta við sig orðaforða úr beygingarflokkum sem eru alveg eins í nf., þf. og þgf. Það eru líka nokkrir flokkar sem eru alveg eins í þf. og þgf. og þar af leiðandi vonandi aðgengilegri nemendum. Þessir beygingarflokkar eru:

1. 0-kvenkynsorðin
2. un-kvenkynsorðin
3. a-hvorugkynsorðin
4. l-karlkynsorðin
5. r-karlkynsorðin
6. ing-kvenkynsorðin
7. ir-karlkynsorðin

Kennsluaðferðir

Öll námsefnisgerð Íslenskunámunnar byggir á hugmyndafræðinni um fjölbreyttar kennsluaðferðir.



Fataorðin bjóða upp á og styðja við:

- myndrænt og námsörvandi námsefni
- uppgötvunarnám
- athafnanám (*learning by doing*)
- leikjun (*gamefication*)
- hóp- og paravinnu
- jafningjafræðslu
- breytta endurtekningu (endurtekning með breytilegum aðferðum)

Kennarar og annað fagfólk þekkja væntanlega öll þessi hugtök en stutta samantekt og umfjöllun er að finna undir *Námsefni* á vef Íslenskunámunnar.

Ítarefni

Meðflylgjandi mynd (sem er líka í leiðbeiningabæklingnum í staðarorðakassanum) hefur reynst vel til að skýra hvar og hvernig þolfallið og þágufallið eru notuð í sambandi við staðarorðin.

Hreyfing → þolfall (<i>að fara á staðinn</i>)	Kyrrstaða → þágufall (<i>að vera á staðnum</i>)
	
Hvert ertu að fara?	Hvar ertu?

Mynd 1 Skýringarmynd til að sýna grundvallarregluna varðandi fallanotkun þegar kemur að staðarorðum.

Grein Sigurðar Hermannssonar [í, á, yfir og undir](#) á vefsíðunni *Icelandic made easi(er)* er góð viðbót fyrir nemendur sem eru læsir á ensku. Á síðu Íslenskunámunnar er líka hægt að nálgast

ítarefni sem tengist staðarorðunum. Rétt er þó að hafa það í huga að það gæti þurft að aðlaga það að námsþörfum nemenda/skjólstæðinga. Um er að ræða pdf-skjöl með hjálparefni sem höfundur hefur búið til fyrir sína nemendur og notað aðallega með nemendum á 3. og 4. stigi.

1. listi með um 80 staðarorðum

- flokkaður listi sem sýnir hvort staðarorðin standa með í eða á
- orðin standa í þolfalli á framhliðinni en þágufalli á bakhliðinni

2. setningarformúlublað

- með mynd 1 framan á + setningar og spurningar þar sem staðarorðið á að standa í þolfalli
- með beygingartöflu aftan á + setningar og spurningar þar sem staðarorðið á að standa í þágufalli
- beygingartaflan sýnir endingar í nf., þf. og þgf. í fimm algengustu nafnorðaflokkunum

Nemendur á lægri stigum fá töluvert einfaldari lista og eingöngu í þolfalli. Þeir fá líka færri setningarformúlur. Á efstu stiginum má styðjast við samantekið yfirlit yfir það hvar á að nota í og á (sjá töflu 8). Þar má líka sleppa að gefa setningarformúlur fyrir þolfallið.

Tafla 8 Það ber að líta á þessa töflu sem tilraun til að svara brennandi spurningum um í og á frekar en háalvarleg málfarsvísindi

í	á
garðar	stofnanir
ferðir	söfn og sýningar
búðir	torg, stæði og stöðvar
skólar	opinberir þjónustustaðir; -hús og -stofur
staðir/staðsetningar með skýra afmörkun ¹	staðir/staðsetningar opin veðrum og vindi ³
prívatstaðir og -staðsetningar ²	almenningsstaðir; vettvangur og viðburðir ⁴
Dæmi: 1. í borg, í landi (á meginlandinu), í dal, í firði 2. í sumarbústað, í baði, í matarboði, í kirkju	Dæmi: 3. á eyju, á fjallstindi, á lyftara, á bát 4. á fótboltaleik, á rúntinum, á balli, á tónleikum

Yfirlitið í töflu 8 er hvorki tæmandi né 100%. Það er hins vegar líklegra að það gefi eldri nemendum í íslensku sem öðru máli einhverjar vísbendingar um notkun forsetninganna í og á.

Það er töluvert farið í staðarorð í bókunum *Íslenska fyrir alla 1-4* og sjálfsagt að nýta það.

1. [kaflí 9](#) Hvar er bankinn? (bls. 96-97 í rafrænu útgáfunni)
2. [kaflí 4](#) Hvar, hvert, hvernig ...? (bls. 50 og 52-54 í rafrænu útgáfunni)
3. [kaflí 2](#) Staðir (bls. 16-19 og 23-25 í rafrænu útgáfunni)
4. [kaflí 1](#) Til Íslands (verkefni 3.3 bls. 9 í rafrænu útgáfunni)

Gagnvirk verkefni

Listi og krækjur í gagnvirk verkefni frá höfundum Íslenskunáunnar inni á Quizlet og Kahoot!

Tafla 9 Höfundur hlaut styrk til að gera gagnvirk verkefni en hefur ekki hlotið framhaldsstyrk til að halda áfram

Quizlet	Kahoot!
1. stig • Nafnorð með sögninni að fara • Hvert fórstu í gær? • Hvert ætlar þú að fara á morgun?	2. stig • í eða á • Staðir í þolfalli og þágufalli
2. stig • Staðir með forsetningunni í • Staðir með forsetningunni á • Hvert á að setja hlutina? • Hvert eiga hlutirnir að fara? • Staðir • Hvert ertu að fara? hk.orð í þf. • Hvert er hann/hún að fara kvk.orð í þf. • Hvert eruð þið að fara i- og ur-kk.orð í þf. • Viltu koma með mér? Blönduð þf.æfing • Hvar ertu? Staðarorð í þgf. • Hk. og kk.staðarorð sem enda á -i í þgf. • Algeng staðarorð í þf. með greini	3. stig • Staðir: Þolfall eða þágufall? • Þágufall með greini
	4. stig • Staðarorð í þolfalli eða þágufalli (kk og hk) • Þolfall eða þágufall með greini
	5. stig • Staðarorð í þágufalli með greini